

Fundagerð 1

Þriðjudagur 30.sep. 2008 kl.12:30

Umhverfisnefndarfundur

Mættir voru Andrea, Ragnhildur, Stefanía, Díana og Bolette

1. Bolette kynnti starfið fyrir nýjum í hópnum.
2. Starfið í fyrra rifjað upp.
3. Rætt um innkaup, Bolette sagði frá því að Lilja fyrir hönd skólans væri að semja um að kaupa lífrænt ræktað grænmeti.
4. Næsti fundur verður þriðjudaginn 7. október, þar á að fara yfir gátlistann.

Fundi slitið kl.12:50

Fundargerð 2

Þriðjudagur 7.okt. 2008 kl.12:30

Umhverfisnefndarfundur

Mættir voru Andrea, Hinrik, Stefanía, Díana og Bolette

5. Bolette las síðustu fundargerð.
6. Nemendur ræddu um innkaup og ákveðið var að leggja til að skólinn kaupi vasareikna með sólarorku, endurhlaðanlegar rafhlöður til að nota í vasaljós í náttúrufræði og seyta sparperur í venjuleg ljósastæði þegar gömlu perurnar springa.
7. Næsti fundur verður þriðjudaginn 14.okt , þar á að fara yfir gátlistann.

Fundi slitið kl.12:45

Fundargerð 3

Þriðjudagur 14. okt. 2008 kl.12:35

Umhverfisnefndarfundur

Mættir voru Andrea, Hinrik, Stefanía, Díana og Bolette

8. Díana las síðustu bls. 2 úr gátlistanum og við ræddum um hvað passaði fyrir okkur, Díana skráði.
9. Stefanía las bls. 3 úr listanum og við ræddum það og hún skráði.
10. Á bls 2 og 3 er fjallað um innkaup. Nefndin leggur til að keyptir verði nýir vasareiknar með sólarorku og að rafhlöður með hleðslu fyrir vasaljós.
11. Næsti fundur verður þriðjudaginn 21. okt , þar á að fara yfir gátlistann.

Fundi slitið kl.12:45

Fundargerð 4

Þriðjudagur 21.okt. 2008 kl.12:35

Umhverfisnefndarfundur

Mættir voru Andrea, Hinrik, Stefanía, Díana og Bolette

12. Rætt um að leiðbeina yngri nemendum sem eru í tólmstundastarfinu með að flokka ruslið rétt þegar þeir eru búnir að borða nestið.
13. Við fórum yfir gátlistann Hinrik las og skráði bls. 5-6 og Andrea bls 7.
14. Ákveðið var að fá fund með Ingu Maju og ræða við hana um innkaup skólans.
15. Næsti fundur verður þriðjudaginn 4. nóv, þar á að halda áfram með að fara yfir gátlistann.

Fundi slitið kl.12:45

Fundargerð 5

Þriðjudagur 4.nóv. 2008 kl.12:35

Umhverfisnefndarfundur

Mættir voru Andrea, Hinrik, Stefanía, Díana og Bolette

16. Rætt um markmið fyrir árið 2008-2009

1. Innkaup
2. Passa betur upp á skólalóðina
3. Hafa fleiri ruslatísludaga

17. Ákveðið að klára markmiðsvinnuna á næsta fundi

18. 3.nóv kláraðist ruslatíslan á skólalóðinni þetta haust

19. Haldið var áfram með gátlistann og hann kláraður, nefndin ætlar að óska eftir fundi með Ingibjörgu Maríu skólastjóra

20. Næsti fundur verður þriðjudaginn 11. nóv, þar á að halda áfram með markmiðin.

Fundi slitið kl.12:55

Fundargerð 6

Þriðjudagur 11.nóv. 2008 kl.12:35

Umhverfisnefndarfundur

Mættir voru Andrea, Hinrik, Stefanía, Díana og Bolette

- 21.Bolette las upp drögin að nýjum markmiðum fyrir 2008-2010. Þau voru unnin upp úr umræðum sem fram fóru á síðasta fundi.
- 22.Drögin voru samþykkt fyrir hönd nefndarinnar og verða hreinskrifuð og borin undir Ingibjörgu Maríu skólastjóra.
- 23.Bolette tekur að sér að ganga frá gátlista, til þess að ræða hann við Ingibjörgu Maríu.
- 24.Næsti fundur verður 25. nóv.

Fundi slitið kl.12:50

Fundargerð 7

Þriðjudagur 25.nóv. 2008 kl.12:45

Umhverfisnefndarfundur

Mættir voru Andrea, Hinrik, Stefanía, Díana og Bolette

- 25.Lesið var yfir drögin að markmiðum og áætlun 2008-2010
- 26.Ingibjörg María mætti á fundinn og nefndin fræddi hana um drögin. Svólítil umræða var um drögin og þau síðan samþykkt. Bolette falið að hreinskrifa og hengja upp.
- 27.Nefndin fór yfir vafaefni á gátlistanum og fékk skýringar hjá Ingibjörgu Maríu. Skýringarnar voru skráðar á listann.
- 28.Næsti fundur verður 2. des.

Fundi slitið kl.13:10

Fundargerð 8

Þriðjudagur 2.des 2008 kl.12:30

Umhverfisnefndarfundur

Mættir voru Andrea, Hinrik, Stefanía, Díana og Bolette

29. Hrært upp í moltutunnunni og settur pappír úr pappírstætaranum í tunnuna til að þurrka svolítið massann.

30. Sáttmálinn var ljósritaður á A3 og hengdur upp í anddyrinu.

31. Næsti fundur verður 9. des.

Fundi slitið kl.12:45

Fundargerð 9

Þriðjudagur 16. des 2008 kl.12:30

Umhverfisnefndarfundur

Mættir voru Andrea, Hinrik, Stefanía, Díana og Bolette

32. Rætt um fundartíma, Hinrik lagði til að fundirnir væru í frímínútum. Ákveðið var að skoða það.

33. Á fyrsta fundi á nýju ári ætlum við að búa til skilti fyrir fótboltavöllinn til þess að minna á umgengni.

34. Einnig ætlum við að búa til ný fyrirmæli á pappírskassana í stofunum.

35. Díana sagði að hennar bekkur væri í vandræðum með að muna hvernig eigi að flokka pappír. Við ákvaðum að Bolette færi í bekkina og ræddi við nemendur.

36. Næsti fundur verður á nýju ári.

Fundi slitið kl.12:40

Fundargerð 10

Þriðjudagur 6. janúar 2008 kl.12:30

Umhverfisnefndarfundur

Mætt voru Andrea, Hinrik, Sesselja, Díana og Bolette

- 37. Rætt um síðustu fundi og rifjað upp, hvað við ræddum um.
- 38. Nefndin samdi og skrifaði tilmæli um umgengni á sparkvellingum.
- 39. Ákveðið var að hengja skiltin upp og reyna að fá ruslakörfu þangað út.
- 40. Þjuggum til ný fyrirmæli á pappírskassana í stofunum.
- 41. Næsti fundur verður 13. Janúar.

Fundi slitið kl.12:50

Fundargerð 11

Þriðjudagur 20. janúar 2009 kl.12:35

Umhverfisnefndarfundur

Mætt voru Andrea, Hinrik, Stefanía, Díana og Bolette

- 42. Nefndin fór út og hengdi skilti við sparkvöllinn með umgengnisreglum.
- 43. Pappír úr pappírstætaranum var settur í moltutunnuna og hrært í.
- 44. Prentaður út nýr texti fyrir pappakassana og límt á.
- 45. Við viljum gjarnan fá ruslatunnu við sparkvöllinn.

Fundi slitið kl.12:50

Fundargerð 12

Þriðjudagur 3. febrúar 2009 kl.12:30

Umhverfisnefndarfundur

Mætt voru Andrea, Hinrik, Stefanía, Arnþór, Matthías og Bolette

46. Nefndin var ánægð með að ruslatunnan var sett upp við sparkvöllinn.

47. Farið yfir hvenig gengur með pappírskassana.

Í 7. bekk gengur betur, Hinrik leggur til að færa kassana ofar í skápinn þannig að auðveldara sé að lesa á miðana.

Í 5.-6. bekk ætla Andrea og Stefanía að fylgjast betur með.

Í 3.-4. bekk þarf líka að fylgjast betur með, Matthías og Arnþór segja að Árdís sé mjög dugleg að minna á

48. Einn ruslaflokkur hefur bæst við, það eru kerti. Bolette hefur tekið að sér að fara með þau á Selfoss.

Fundi slitið kl.12:45

Fundargerð 13

Þriðjudagur 17. febrúar 2009 kl.12:30

Umhverfisnefndarfundur

Mætt voru Andrea, Hannes, Sesselja, Díana, og Bolette

49. Í upphafi fundarins rifjuðum við upp, tilgang okkar með að vinna að umhverfismennt og hvernig við getum lifað í sátt við umhverfið og þar með viðhaldið grænfánanum í skólanum.

50. Við erum byrjuð að vinna með að skipuleggja skólalóðina með tilliti til umhverfisstefnu skólans. Margar hugmyndir komu fram. Til dæmis að fjölga rólum, fá fleiri leikföng, hús með borðtennis og spilaborðum, Bekki eða

gerðhúsgögn, skýli, planta grenitjám , hafa fjálst aðgengi að spýtum, kastala, planta skjólbelti og stækka matjurtagarðinn.

51. Þessari hugmyndavinnu ætlum við að halda áfram á næstu fundum.

Fundi slitið kl.12:45

Fundargerð 14

Þriðjudagur 24. febrúar 2009 kl.12:30

Umhverfisnefndarfundur

Mætt voru Andrea, Hinrik, Stefanía, Díana,og Bolette

52. Hópurinn fór út í myndatöku, og frétt var sett inn á heimasíðu skólans um störf hópsins.

53. Áfram var unnið með að skipuleggja umhverfi skólans. Nýjar tillögur sem komu fram voru:

1. Körfuboltavöllur
2. Badmintonnet
3. Meira gras
4. Gróðursetja tré til dæmis grenitré og ösp.
5. Fá efni úr skóginum
6. Stærri klifurgrind

54. Við ætlum að halda þessari hugmyndavinnu áfram á næstu fundum.

Fundi slitið kl.12:45

Fundargerð 15

Þriðjudagur 10. mars 2009 kl.12:30

Umhverfisnefndarfundur

Mætt voru Andrea, Hinrik, Stefanía, Díana, og Bolette

55. Rætt um skólalóðina.

56. Teiknuðum tillögur um breytingar á skólalóðinni inn á mynd af skólanum og lóðinni.

57. Bolette falið að fá fundartíma með Ingu Maju. Til þess að nefndin getur útskýrt hugmyndir sínar.

Fundi slitið kl.12:45

Fundargerð 16

Þriðjudagur 17. mars 2009 kl.12:30

Umhverfisnefndarfundur

Mætt voru Ágúst, Hinrik, Stefanía, Díana og Bolette

58. Nefndin fór yfir tillögurnar um breytingar á útisvæði skólans og skipti þeim á milli sín til þess að leggja þær fyrir Ingibjörgu Maríu.

59. Ingibjörg María mætti á fund og nefndin lagði tillögurnar fyrir hana, lið fyrir lið og útskýrði hvað átt væri við.

60. Ingibjörg ræddi við okkur um hvað væri hægt að gera og hvað ekki.

1. Körfuboltavöllur: Á næstu dögum kemur bráðabirgða körfuboltavöllur á bílaplanið. Alvöru völl fáum við ekki fyrr en eftir tvö ár þar sem ekki er ráðgert að malbika í Árnesi fyrr en sumarið 2010.

2. Badmintonnet: Vegna vinds er betra að eiga bara spaða af mismunandi gerðum til dæmis tennisspaða.
3. Gras undir rólur: Það má ekki vera gras undir rólum, þess vegna er möl á leikvellingum. En það er vel hægt að setja bekki og borð upp, kannski úr efni úr skóginum.
4. Gróðursetja tré: Það voru gróðursett tré í fyrra og skólinn hefur sótt um fleiri til þess að gróðursetja í vor.
5. Kastali og klifurgrind: Það verður ekki settur upp kastali eða klifurgrind. Það er langt um betra að leika sér í móanum og búa til þrautabraut úr efnivið úr skóginum. Það verður skemmtilegra ef nemendur vinna þetta sjálfir.
6. Skýli: Það væri fínt að búa til skýli úr efnivið úr skóginum.
7. Matjurtagarður: Það má stækka hann, ef tillit er tekið til trjáanna í kring.

Fundi slitið kl.12:55

Útisvæði Þjórsárskóla.

Tillaga grænfánanefndar mars 2009

1. Körfuboltavöllur (malbikaður)
2. Badminton (stangir og net, stungið niður í grasið)
3. Gras og bekkir (gras undir leiktæki og bekkir til að sitja á)
4. Tré (skjól) efni úr skógi
5. Stærri klifurgrind
6. Kastali
7. Skýli (eins og í skóginum)
8. Stærri matjurtagarður (stækka kartöflugarð og hafa fleiri tegundir)

Sparkvöllur (áætluð staðsetning)

Fundargerð 17

Þriðjudagur 28. mars 2009 kl.12:30

Umhverfisnefndarfundur

Mætt voru Andrea, Hinrik, Stefanía, Díana og Bolette

61. Nefndin ræddi um glerbrotin sem fundust á sparkvellingum. Ákveðið var að reyna að tína þau upp. Við ætlum að nota næsta þriðjudagsfund í það.
62. Ákveðið var að senda sveitastjórn bréf um að reyna að vera í samstarfi við nefndina um að senda leiðbeiningar inn á öll heimili í sveitinni um flokkunnar möguleika. Og sérstaklega passa upp á að nýir íbúar fengju bækling. Bolette falið að gera tillögu að bréfinu.

Fundi slitið kl.12:45